

**Aðalfundargerð 2023**  
**Lóðafélagsins Móhellu 4, A-E**  
**Miðvikudaginn 26. apríl 2023 kl. 17:00**  
**Haldinn í sal Kænunnar við Óseyrarbraut, Hafnarfirði.**

**1. Fundur settur**

Formaður Jón Trausti Guðjónsson setti fundinn kl. 17:03 og lagði til að Ríkey Jóna Eiríksdóttir frá JCI yrði fundarstjóri og Margrét Helga Gunnarsdóttir fundarritari, var það samþykkt. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og hann því lögmætur, sjá fundarboð í fskj. 1.1. Mætingalisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. 1.2. Mætt var fyrir 33 bil af 201 eignahlutum hússins þar af tvö umboð sjá fskj 1.3-1.4..

**2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.**

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir atburði síðasta árs sjá fskj. 2.1.

**3. Framlagning ársreikninga til umræðna og samþykktar**

Lagður var fram ársreikningur 2022 og farið yfir niðurstöður hans, sjá fskj. 3.1 Niðurstaða rekstrar ársins var jákvætt um kr. 2.259.235.- og eigið fé í árslok jákvætt kr. 3.856.759.- Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

**4. Kosning formanns**

Jón Trausti Guðjónsson gaf kost á sér áfram til formennsku félagsins. Ekki buðu fleiri sig fram og var Jón Trausti kjörinn formaður félagsins með lófataki.

**5. Kosning tveggja stjórnarmanna**

Kallað var eftir tilnefningum. Árni G Sigurðsson og Kristján Albertsson buðu sig fram sem stjórnarmenn og voru þeir kjörnir samhljóða.

**6. Kosning tveggja varamanna**

Kallað var eftir tilnefningum. Baldur Vilhjálmsson og Friðbjörn Georgsson buðu sig fram sem meðstjórnendur og voru þeir kjörnir samhljóða.

**7. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Haukur Geir Garðarsson -bauð sig fram sem skoðunarmaður og var hann samþykktur samhljóða.

**8. Rekstraráætlun fyrir næsta ár til umræðu og samþykktar**

Rekstraráætlun, sjá fskj. 8.1 lögð fram, útskýrð og rædd. Rekstraráætlun fyrir árið 2023 hljóðar upp á kr. 17.064.000.-. Samþykkt samhljóða.

**9. Framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár til umræðu**

Stjórn fékk tilboð vegna frárennslis í kringum húsið. Framkvæmdin fór fram í vikunni fyrir páska og kostaði 600.000 kr þar sem var grafið á 2 metra dýpi og sett dren og dúkur yfir, jarðvegur settur aftur yfir og malbikað yfir. sjá fskj. 9.1. Lagt fyrir fundinn að veita stjórn umboð til að setja 3 niðurföll í regnvatnslögn á planið, kostnaður áætlaður í kringum 2 milljónir. Hugsað sem 2 ára plan. Tillaga samþykkt samhljóða.

Rætt um ryð í flíseiningu. Samþykkt samhljóða að vísa því til stjórnar að finna ódýra leið til að fjarlægja ryðið.

Verður haldið áfram að fara í framkvæmdir á myndavélakerfinu á lóðinni.

**10. Ákvörðun húsgjalda fyrir komandi ár**

Lagt var til að hús- og framkvæmdasjóðsgjöld verði óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**11. Önnur mál**

Árni skorar á eigendur að skrá símann sinn hjá stjórn, hann ansi ekki leigjendum, sem

Lóðasamningurinn. Spurt var um hvort að hann væri að renna út. Rætt að hann sé aðeins til 20 ára. Vísað til stjórnar að kanna lóðasamninginn.


Umræður sköpuðust um skráningu á svæðinu sem atvinnuhúsnæði og hvort væri hægt að breyta því í geymsluhúsnæði. Stjórnin svaraði að það hafi verið reynt á sínum tíma en ekki gengið.

## 12. Fundargerð lesin og leiðrétt


Fundargerð lesin, leiðrétt og samþykkt.

## 13. Fundi slitið

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 18:03



Ríkey Jóna Eiríksdóttir, fundarstjóri



Jón Trausti Guðjónsson, formaður



Margrét Helga Gunnarsdóttir, fundarritari